

## Skipulags- og samgönguráð

Reykjavík 30. ágúst 2021.

### Efni: Naustabryggja 31-33

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 25. ágúst sl. var lögð fram eftirfarandi tillaga sjálfstæðisfloksins sem var svo vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs :

*„Ákvæði byggingarreglugerðar um bílastæði fyrir hreyfihamlaða, þ.e. um fjarlægð frá aðalinngangi, eru ekki uppfyllt við Naustabryggju 31-33. Lagt er til að Reykjavíkurborg fylgi úrskurði í málí úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 15/2020 og tryggi án tafar aðgengi fyrir hreyfihamlaða að aðalinngöngum Naustabryggju 31 og 33, 110 Reykjavík. Tillögunni fylgir úrskurður úrskurðarnefndar í málí nr. 15/2020 og bréf Reykjavíkurborgar, dags. 27. apríl 2021, þar sem fram kemur að borgin hafni því að aðhafast frekar í málínu.“*

### Umsögn

Með úrskurði ÚUA í málínu nr. 15/2020 var felld úr gildi sú ákvörðun byggingarfulltrúa að aðhafast ekki vegna kröfu húsfélagsins Naustabryggju 31-33 um að komið verði fyrir bílastæði fyrir hreyfihamlaða á lóðinni nr. 31-33. Var niðurstaða nefndarinnar á því byggð að ákvörðun byggingarfulltrúa hafi ekki verið studd nægjanlegum rökum. Áréttar skal því að með úrskurðinum var ekki lagt fyrir byggingarfulltrúa að útbúa stæðið, enda er það ekki á valdsviði nefndarinnar að kveða á um aðgerðir.


Byggingarfulltrúi brást við úrskurðinum með því að taka nýja ákvörðun í málínu, en með tölvupósti til húsfélagsins dags. 5. mars sl. kom fram að ekki væri mögulegt að koma fyrir bílastæðum fyrir framan innganga hússins, þar sem í gildandi deiliskipulagi eru einungis um 2,2 m að lóðarmörkum Naustabryggju 35-53. Reykjavíkurborg hefði lagt til að útbúið yrði bílastæði fyrir hreyfihamlaða við austurenda hússins, en húsfelagið hefði hafnað þeirri lausn. Samkvæmt byggingarreglugerð eiga bílastæði fyrir hreyfihamlaða að vera sem næst aðalinngöngum eða í u.p.b. 25 metra fjarlægð. Byggingin hefur 3 aðalinnganga. Bílastæðið sem byggingarfulltrúi lagði til að gera er um 13 metra frá einum inngangi, 28 m frá þeim næsta og 44 metra frá þeim þriðja. Taldi embættið að sú ráðstöfun fæli í sér góðan aðgang að inngöngum hússins fyrir hreyfihamlaða, í ljósi aðstæðna.

Ljóst væri að krafa húsfélagsins í málínu fæli í sér að gerð yrðu bílastæði inná aðliggjandi lóð Naustabryggju 31-53 og hún minnkuð sem því næmi. Ekki væri mögulegt að verða við þeirri kröfum samþykkis viðkomandi lóðarhafa og var því niðurstaðan sú að embættið myndi ekki aðhafast frekar í málínu, að óbreyttu.

Framangreind ákvörðun byggingarfulltrúa var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála með kæru dags. 22. mars sl., en nefndin hefur ekki enn úrskurðað í málínu.

Í ljósi framangreinds er lagt til að skipulags- og samgönguráð hafni tillögunni.

F.h.umhverfis- og skipulagssviðs.

  
Harri Ormarsson, lögmaður.